

Áfangalýsing.

Heiti áfanga: ENSK2AA05

Titill: Akademískur orðaforði, ritun og lestur.

Staða áfanga: Áfanginn er fyrsti kjarnaáfangi á öllum brautum.

Undanfarar: Enska úr grunnskóla

Áfanginn er undanfari fyrir eftirfarandi áfanga: ENSK2BB05/ENSK2BH05

Stutt lýsing á efni áfangans: Áhersla er lögð á að nemendur verði vel læsir á fræðilega texta. Þeir verða þjálfaðir í að tileinka sér akademískan orðaforða, tjá hugsun sína skýrt í riti og rökstyðja skoðanir sínar. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Lesin eru bókmenntaverk úr hinum enskumælandi menningarheimi.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Akademískur orðaforði, vinna með orðabækur, uppbygging efnisgreina, rökstuddar skoðanir, helstu hugtök bókmenntaumuræðu, munnleg tjáning, menningarumhverfi, mismunandi málsnið í ensku.

Námsmat: Verkefni, smápróf, ritun, ástundun og lokapróf.